



FJÖLMIÐLANEFND

Málsmeðferðarreglur fjölmiðlanefndar

1. gr.

Markmið

Reglunum er ætlað að skýra og auka gagnsæi í málsmeðferð fjölmiðlanefndar við meðferð mála.

2. gr.

Gildissvið

Reglurnar eru leiðbeinandi reglur fyrir fjölmiðlanefnd og starfsmenn fjölmiðlanefndar og koma til fyllingar á starfsreglum fjölmiðlanefndar nr. 1363/2011 sem settar eru á grundvelli lagaheimildar í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla.

3. gr.

Upphaf máls

Starfsmenn fjölmiðlanefndar yfirfara erindi sem berast fjölmiðlanefnd og skera úr um hvort um ábendingu eða formlega kvörtun, í skilningi 3. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar, sé að ræða. Leiki vafi þar á skulu starfsmenn leiðbeina þeim sem sendi erindið og upplýsa viðkomandi um það hver munurinn sé á formlegri kvörtun og ábendingu.

Sé um formlega kvörtun að ræða, sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. 3. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar, skulu starfsmenn fjölmiðlanefndar óska eftir sjónarmiðum fjölmiðlaveitu sem kvörtun beinist gegn nema starfsmenn meti kvörtunina tilhæfulausa og/eða ef kvörtun á ekki undir lög um fjölmiðla nr. 38/2011.

Sé um ábendingu eða óformlega kvörtun að ræða, þar sem nafn þess sem erindið sendi kemur ekki fram, skulu starfsmenn með tilliti til m.a. 3. mgr. 4. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar ákvarða hvort erindið krefjist frekari skoðunar.

Gefi ábending ekki tilefni til frekari skoðunar að mati starfsmanna fjölmiðlanefndar skal sá sem erindið sendi upplýstur um þá niðurstöðu.

Gefi ábending að mati starfsmanna fjölmiðlanefndar ástæðu til þess að taka mál til frekari skoðunar skulu starfsmenn óska eftir sjónarmiðum fjölmiðlaveitu sem ábending beinist gegn.

Starfsmenn taka saman yfirlit yfir ábendingar sem ekki þykja gefa tilefni til frekari skoðunar og leggja fyrir fjölmiðlanefnd að lágmarki tvisvar á ári.

4. gr.

Öflun sjónarmiða

Komist starfsmenn fjölmiðlanefndar að þeirri niðurstöðu að ábendingu skuli taka til frekari skoðunar og þegar formleg kvörtun skv. 2. mgr. 3. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar berst nefndinni skulu starfsmenn fjölmiðlanefndar óska eftir sjónarmiðum fjölmiðlaveitunnar sem meint brot á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 beinist að.

Skal fjölmiðlaveitu að jafnaði veittur 14 daga frestur til að koma að sjónarmiðum eða eftir atvikum lengri eða skemmri frestur allt eftir umfangi máls.

Þegar starfsmenn fjölmiðlanefndar óska eftir sjónarmiðum þarf að gæta þess að upplýsingar sem fjölmiðlaveita fær í hendur séu ekki viðkvæmar persónuupplýsingar. Í þeim tilvikum sem mál er þannig vaxið að fjölmiðlaveita verður að fá slíkar upplýsingar í hendur skulu starfsmenn gæta þess að gætt sé að reglum um trúnað.

Þá skulu starfsmenn fjölmiðlanefndar gæta þess að upplýsingar sem fjölmiðlaveita fær í hendur séu ekki til þess fallnar að spilla rannsóknarhagsmunum máls.

Þegar sjónarmið fjölmiðlaveitu til kvörtunar/ábendingar hafa borist skulu starfsmenn leggja efni kvörtunar/ábendingar ásamt sjónarmiðum fjölmiðlaveitu fyrir fjölmiðlanefnd til ákvörðunar um hvort taka skuli mál til efnislegrar málsmeðferðar.

5. gr.

Lok máls

Telji fjölmiðlanefnd að erindi gefi ekki nægar ástæður til meðferðar sbr. 4. og 5. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar skal hlutaðeigandi tilkynnt um þá niðurstöðu. Í tilkynningunni skal greina stuttlega frá ástæðum þess að ekki þótti tilefni til að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Efnislegri málsmeðferð fjölmiðlanefndar lýkur með útgáfu álits eða ákvörðunar.

Ákvörðun: Í þeim málum sem fjölmiðlanefnd leggur sektarákvörðun á fjölmiðlaveitu er um ákvörðun að ræða.

Álit: Þegar ekki er kveðið á um sektarákvörðun í máli er um álit að ræða.

6. gr.

Birting ákvarðana og álita á vefsíðu fjölmiðlanefndar

Mál sem tekin eru til efnislegrar meðferðar hjá fjölmiðlanefnd, hvort sem þau enda með útgáfu álits eða ákvörðunar, skulu birt á vef fjölmiðlanefndar svo fljótt sem auðið er eftir að birt hefur verið fyrir aðilum máls.

